

2011:1 • 15. apríl 2011

Vöruviðskipti við útlönd 2010

Samantekt

Árið 2010 voru fluttar út vörur fyrir 561,0 milljarða króna fob en inn fyrir 440,8 milljarða króna fob, 477,2 milljarða króna cif. Afgangur var því á vöruskiptum við útlönd, reiknað á fob verðmæti, sem nam 120,2 milljörðum króna fob en 90,3 milljarða króna afgangur var árið 2009. Verðmæti vöruútflutnings jókst um 12,0% frá fyrra ári á gengi hvors árs og vöruinnflutningur jókst um 7,0%. Sjávarafurðir voru 39,3% alls vöruútflutnings, í þriðja árið í röð með minni hlutdeild en iðnaðarvörur. Verðmæti þeirra jókst um 5,7% frá fyrra ári á gengi hvors árs. Iðnaðarvörur voru 55,4% alls vöruútflutnings og jókst verðmæti þeirra um 27,7% á gengi hvors árs. Stærstu vöruflokkar vöruinnflutnings voru hrá- og rekstrarvörur með 33,6% hlutdeild, fjárfestingarvörur með 22,3% hlutdeild og neysluvörur aðrar en mat- og drykkjarvara með 14,7% hlutdeild. Í krónum talið varð mest aukning í innflutningi hrá- og rekstrarvara og fjárfestingarvara. Mest viðskipti voru við Evrópska efnahagssvæðið, EES, 81,8% af vöruútflutningi og 61% af vöruinnflutningi. Til Evrópusambandsins, ESB, fór 77,6% vöruútflutnings og 52,0% vöruinnflutnings kom þaðan. Stærstu viðskiptalönd voru Holland í vöruútflutningi, 34,0% af heild, og Noregur í vöruinnflutningi, 9,1% af heild.

Vöruskiptajöfnuður

Vöruútflutningur 561,0 milljarðar
fob og vöruinnflutningur
477,2 milljarðar cif

Í töflu 1 er sýnd þróun vöruskipta áratuginn 2001–2010, vöruinnflutningur á cif-verði en vöruútflutningur á fob-verði, en vöruskipti eru mæld þannig samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Á árinu 2010 nam verðmæti vöruútflutningsins í heild 561,0 milljörðum króna fob, heildarvöruinnflutningur cif nam 477,2 milljörðum, og varð því vöruútflutningur umfram vöruinnflutning á árinu 2010 jákvæður um 83,8 milljarða samkvæmt þessum mælikvarða. Halli hefur verið á vöruskiptunum (fob-cif) allan þennan áratug að árunum 2009 og 2010 undanskildum. Árið 2009 var 10,9% af útflutningsverðmæti árið 2009 og 14,9% árið 2010. Hallinn hefur verið frá um 1,6% árið 2002 upp í 78,0% árið 2006. Hallinn á vöruskiptunum var 10,3% árið 2008 og 40,8% árið 2007.



Tafla 1. Vöruskipti (fob-cif) árin 2001–2010

	Í millj. kr. á verðlagi hvers árs			Vöruskipti (fob-cif) í % af vöruútflutningi
	Útfluttar vörur fob	Innfluttar vörur cif	Vöruskipti (fob-cif)	
2001	196.582	220.874	-24.292	-12,4
2002	204.303	207.608	-3.305	-1,6
2003	182.580	216.525	-33.945	-18,6
2004	202.373	260.431	-58.058	-28,7
2005	194.355	313.855	-119.500	-61,5
2006	242.740	432.106	-189.366	-78,0
2007	305.096	429.469	-124.373	-40,8
2008	466.860	514.739	-47.879	-10,3
2009	500.855	446.128	54.726	10,9
2010	561.032	477.222	83.810	14,9

Vöruskiptajöfnuður hagstæður


Í greiðslujöfnuði og þjóðhagsreikningum er miðað við vöruskiptajöfnuð, reiknaðan út frá fob-verði bæði vöruinnflutnings og vöruútflutnings. Vöruinnflutningur fob nam 440,8 milljörðum króna og var vöruskiptajöfnuðurinn (fob-fob) 2010 því hagstæður um 120,2 milljarða en var hagstæður um 90,3 milljarða 2009. Í töflu 2 kemur fram að vöruskiptajöfnuður fob við útlönd á verðlagi hvers árs hefur verið hagstæður tvisvar áður á síðustu tíu árum, þ.e. árið 2009, 6% af vergri landsframleiðslu og árið 2002, 1,6%. Hallinn (fob-fob) var mestur árið 2006, 13,6% af vergri landsframleiðslu. Á mynd 1 má sjá vöruskiptajöfnuð sem hlutfall af vöruútflutningi og vergri landsframleiðslu og á mynd 2 má sjá þróun vöruútflutnings fob, vöruinnflutnings fob og vöruskiptajafnaðar fob.

Tafla 2. Vöruskipti (fob-fob) árin 2001–2010


Í millj. kr.	Á verðlagi hvers árs		Á föstu verðlagi ársins 2010 ¹		Vöruskiptajöfnuður		
	Útfluttar vörur fob	Innfluttar vörur fob	Útfluttar vörur fob	Innfluttar vörur fob	Á verðlagi hvers árs	Á föstu verðlagi ársins 2010 ¹	Hlutfall af VLF, %
2001	196.582	203.083	304.423	207.910	-6.501	96.514	-0,8
2002	204.303	191.205	296.786	202.613	13.098	94.174	1,6
2003	182.580	199.512	268.352	197.075	-16.932	71.277	-2,0
2004	202.373	240.160	272.329	204.905	-37.787	67.424	-4,1
2005	194.355	288.895	261.836	196.883	-94.540	64.953	-9,2
2006	242.740	401.201	331.867	233.831	-158.461	98.036	-13,6
2007	305.096	397.241	341.033	241.653	-92.145	99.380	-7,0
2008	466.860	473.525	468.242	351.956	-6.665	116.286	-0,5
2009	500.855	410.575	490.604	419.448	90.280	71.156	6,0
2010	561.032	440.820	561.032	440.820	120.211	120.211	7,8

¹ Miðað við breytingar á magnvísitölum útflutnings og innflutnings sem eru reiknaðar út frá verðvísitölum samkvæmt einingarverðum úr tollskrárnúmerum.

Mynd 1. Vöruskiptajöfnuður (fob-cif) sem hlutfall af vöruútflutningi og vöruskiptajöfnuður (fob-fob) sem hlutfall af VLF




Mynd 2. Vöruskipti (fob-fob) 1985–2010



Mynd 3 sýnir hlutfall vöruútflutnings og vöruinnflutnings af vergri landsframleiðslu yfir 50 ára tímabil. Þar sést að hlutdeild vöruútflutnings og vöruinnflutnings hefur lengst af verið um og yfir fjórðungur af landsframleiðslu. Hlutdeild vöruinnflutnings hefur verið hærri en hlutdeild vöruútflutnings frá árinu 2003 til ársins 2009. Hlutdeild vöruútflutnings var komin niður fyrir fimmting árið 2005 en hefur hækkað stöðugt árin 2006–2010 og árið 2009 var meira flutt út af vöru en inn til landsins í fyrsta skipti frá árinu 2002 og hélt sú þróun áfram á árinu 2010. Því hærri hlutdeild sem utanríkisverslun hefur af landsframleiðslu, því opnara er hagkerfið talið. Þar sem hlutdeild vöruviðskipta hefur lengst af verið í kringum fjórðung af landsframleiðslu bendir það til þess að þegar litið er á vöruviðskiptin eingöngu hafi hagkerfið ekki verið að opnast þó að breytingar hafi orðið síðustu ár. Þjónustuviðskipti við útlönd hafa hins vegar stórukist. Miklar gengisbreytingar geta einnig skekkt þennan samanburð einstök ár.

Mynd 3. Vöruútflutningur fob og vöruinnflutningur fob sem hlutfall af vergri landsframléiðslu 1960–2010




Verð- og magnbreytingar 2008–2010

Gengisbreytingar höfðu mikil áhrif á vöruviðskipti á árinu 2010 eins og tvö árin áður


Miklar breytingar á gengi íslensku krónunnar á árunum 2008–2010 höfðu áhrif á niðurstöður um vöruinnflutning og vöruútflutning. Mynd 4 sýnir mánaðarlegar breytingar á vöruviðskiptavog sem mælir breytingar á meðalverði erlends gjaldeyris og er notuð til umreiknings talna um vöruviðskipti. Gengisvísitalan í desember 2010 var 12,0% lægri en í janúar 2010 en 10,9% hærri í desember 2009 en í janúar 2009. Meðalverð erlends gjaldeyris lækkaði um 3,3% milli áranna 2009 og 2010 en meðalverð hans hækkaði um 34,1% milli áranna 2008 og 2009. Þessar gengisbreytingar gera samanburð á vöruviðskiptum innan árs og milli ára vandasaman.

Mynd 4. Mánaðarlegar gengisbreytingar vöruviðskiptavogar 2008–2010



Mynd 5 sýnir mánaðarlegar tölur vöruinnflutnings og vöruútflutnings 2008–2010 uppreiknaðar á gengi desembermánaðar 2010. Gengisbreytingarnar hafa mikil áhrif á samanburð niðurstaðna um vöruinnflutning og vöruútflutning sem taka ber tillit til.

Mynd 5. Mánaðarlegar tölur vöruinnflutnings og vöruútflutnings 2008–2010 miðað við gengi í hverjum mánuði og gengi í desember 2010



Aukning á vöruútflutningi og vöruinnflutningi á föstu gengi

Verðmæti vöruútflutnings jókst um 15,8% frá árinu 2009 til 2010 og verðmæti vöruinnflutnings fob jókst um 11,0% þegar tekið hefur verið tillit til 3,3% lækkunar á meðalverði erlends gjaldeyris á milli árána 2009 og 2010. Verðmæti sjávarafurða jókst um 9,3%, reiknað á sama gengi bæði árin, og verðmæti iðnaðarværa jókst um 32,0% en aðrar vörur drógust saman um 48%. Aukning varð í flestum liðum vöruútflutnings og vöruinnflutnings í krónum á föstu gengi. Í vöruútflutningi varð mest aukning í útflutningi iðnaðarværa, aðallega áls, en í vöruinnflutningi á hrá- og rekstrarværa. Einnig varð umtalsverð aukning í útflutningi á sjávarafurðum og innflutningi á fjárfestingaværa en samdráttur í innflutningi á flutningatækjum.

Tafla 3. Verðmæti vöruútflutnings fob og vöruinnflutnings fob á gengi hvors árs og breytingar á föstu gengi 2009 og 2010

	2009	2010	Breytingar frá fyrri ári á föstu gengi, ¹ %
Útflutningur alls fob	500.854,5	561.032,2	15,8
Sjávarafurðir	208.619,7	220.487,8	9,3
Landbúnaðarvörur	7.686,6	8.969,6	20,6
Iðnaðarvörur	243.641,0	311.012,3	32,0
Aðrar vörur	40.907,2	20.562,5	-48,0
Innflutningur alls fob	410.574,8	440.820,9	11,0
Matvörur og drykkjarvörur	41.774,1	42.754,3	5,8
Hrávörur og rekstrarvörur ót.a.s.	124.929,5	145.311,0	20,2
Eldsneyti og smuoliur	51.105,3	57.723,7	16,8
Fjárfestingarvörur (þó ekki flutningatæki)	88.365,2	99.823,3	16,8
Flutningatæki	39.758,6	29.981,4	-22,1
Neyslurvörur ót.a.s.	64.111,2	64.732,3	4,4
Vörur ót.a.s. (t.d. endursendar vörur)	530,9	495,0	-3,6
Vöruskiptajöfnuður	90.279,7	120.211,2	.

¹ Miðað er við meðalgengi á vöruviðskiptavog. Á þann mælikvarða er meðalverð erlends gjaldeyris 3,3% lægra mánuðina janúar–desember 2010 en sömu mánuði fyrra árs.

Útflutningsverð á vöru og
innflutningsverð á vöru
hækkuðu,
vöruviðskiptakjör við útlönd
bötnuðu

Tölur fyrra árs eru umreiknaðar til meðalgengis liðandi árs til þess að eyða áhrifum gengisbreytinga á verðmætistölur. Verð- og magnbreytingar eru reiknaðar með verðvísitölum. Verðvísitölur eru reiknaðar samkvæmt einingaverðum úr tollskrárnúmerum. Niðurstöðurnar eru aðútflutningsverð á vöru í krónum hækkaði um 14,0% og innflutningsverð á vöru hækkaði um 4,0% árið 2010 miðað við árið á undan. Vöruviðskiptakjörin við útlönd bötnuðu því um 9,6% frá árinu 2009 til ársins 2010.

Í krónum talið varð verðmæti „almenns“ vöruútflutnings 16,1% herra árið 2010 en árið áður og útflutningsverð vöru hækkaði á sama tíma um 14,0%. Að raungildi jókst því vöruútflutningur um 1,9% frá 2009 til 2010. Verðmæti „almenns“ vöruinnflutnings fob jókst um 10,2% í krónum frá fyrra ári, innflutningsverð vöru hækkaði um 4,0% og því jókst vöruinnflutningurinn að raungildi um 5,9%.


Tafla 4. Verð- og magnvísitölur vöruútflutnings og vöruinnflutnings og vísitala vöruviðskiptakjara 2001–2010

Vísitala 2000=100	Almennur vöruútflutningur ¹		Almennur vöruinnflutningur ²		Viðskiptakjör
	Verðvísitala	Magnvísitala	Verðvísitala	Magnvísitala	
2001	122,9	107,4	120,0	89,2	102,5
2002	120,1	115,3	115,8	87,5	103,7
2003	108,3	115,1	111,4	99,0	97,2
2004	109,9	125,7	115,6	113,0	95,1
2005	105,5	119,9	111,3	140,1	94,7
2006	132,7	116,8	131,1	154,4	101,2
2007	136,0	128,7	134,7	153,7	101,0
2008	185,8	160,6	196,0	131,8	94,8
2009	196,6	166,3	233,2	95,6	84,3
2010	224,1	169,5	242,5	101,2	92,4

¹ Allur útflutningur að frátöldum „öðrum vörum“ (í vöruflokkun Hagstofu Íslands).

² Allur innflutningur að frátöldum skipum, flugvélum og vörum ót.a.s. (liður 7 í hagrænni flokkun innflutnings).

Mynd 6. Magnvísitölur vöruútflutnings, vöruinnflutnings og VLF 1990–2010




Vöruútflutningur og vöruinnflutningur eftir helstu vöruflokkum

Vöruútflutningur jókst á árinu 2010

Heildarvöruútflutningur 2010 á gengi hvors árs jókst um 12,0% frá árinu 2009 eða um 60,2 milljarða króna eins og sjá má í töflu 5. Iðnaðarvörur voru 55,4% alls vöruútflutnings og er þetta þriðja árið í röð, frá því að skráning á árlegum vöruútflutningi hófst með reglubundnum hætti árið 1862, sem hlutdeild iðnaðarvara er hærri en sjávarafurða. Á mynd 7 sést hvernig hlutfall sjávarafurða í vöruútflutningi hefur síðustu ár lækkað smám saman, á meðan hlutfall iðnaðarvara í vöruútflutningi hefur hækkað. Verðmæti iðnaðarvara jókst um 27,7% frá árinu á undan eða um 67,4 milljarða. Í útflutningi iðnaðarvara munar mestu um ál en útflutningur þess varð 222,4 milljarðar eða 39,6% af heildarvöruútflutningi, jókst um 30,3% eða 51,8 milljarða á gengi hvors árs. Álútflutningur jókst mest í krónum talið frá fyrra ári. Útflutningur á kísiljárn, 18,8 milljarðar, og á lyfjavörum, 15,7 milljarðar, komu næst áli í útflutningi iðnaðarvara. Sjávarafurðir voru 39,3% alls vöruútflutnings og voru fluttar út sjávarafurðir fyrir 220,5 milljarða, jukust um 5,7% frá fyrra ári, eða um 11,9 milljarða á gengi hvors árs. Á árinu 2010 vó útflutningur á botnfiski mest í útflutningi sjávarafurða, 23,4% en var 26,9% af heildarvöruútflutningi á árinu 2009. Útflutningur á þorski var 12,9% alls vöruútflutnings eða 72,5 milljarðar en þær tegundir sem komu næst voru síld 20,7 milljarðar króna, ýsa 19,2 milljarðar króna og karfi 16,5 milljarða króna. Á gengi hvors árs jókst útflutningur sjávarafurða aðallega vegna aukins útflutnings á loðnu og makríl en á móti kom að útflutningur á síld og þorski dróst saman.


Í útflutningi á öðrum vörum var hlutdeild útflutnings á flugvélum stærst en hann nam 7,2 milljörðum á árinu 2010, dróst saman um 15,5 milljarða á gengi hvors árs frá árinu 2009. Árið 2010 voru fluttir út bílar fyrir 3,2 milljarða.

Mynd 7. Vöruútflutningur eftir vöruflokkum (Hagstofuflokkun) árin 1840–2010




Fjöldi tollafgreiddra innflutningsskýrsla hefur dregist saman

Mánaðarlegur fjöldi tollafgreiðslna árin 2008–2010 hefur dregist verulega saman í kjölfar efnahagskreppu og bankahruns. Fjöldi afgreiðslna í vöruútflutningi er nær óbreyttur en tollafgreiðslur fyrir vöruinnflutning dragast umtalsvert saman þó að sjá megi batamerki á árinu 2010. Meðaltalsafgreiðslur fyrir vöruinnflutning fyrstu þrjá ársfjórðungana 2008 voru rúmar 111 þúsund og hafa mánaðarlegar afgreiðslur síðasta ársfjórðung 2008 og árin 2009 og 2010 ekki náð því meðaltali. Fæstar voru afgreiðslurnar í desember 2008 og janúar 2009, rúmar 62 þúsund færslur en flestar í nóvember 2010, um 109 þúsund færslur.

Mynd 8. Fjöldi tollafgreiðslna árin 2008-2010

Vöruinnflutningur jókst á árinu
2010

Heildarinnflutningur cif á gengi hvors árs jókst um 7,0% eða um 31,1 milljarð eins og sjá má í töflu 6. Stærsti liður vöruinnflutningsins voru hrá- og rekstrarvörur, 33,6% af heildarvöruinnflutningi, eða 160,3 milljarðar, en hlutdeild þeirra var 31,4% árið 2009. Hlutfall fjárfestingarvara var 22,3% eða 106,4 milljarðar og hlutfall neysluvara annarra en mat- og drykkjarvara, 14,7% eða 70,0 milljarðar. Á gengi hvors árs varð mest aukning í krónum talið í innflutningi á hrá- og rekstrarvöru og fjárfestingavöru. Á móti kom samdráttur í innflutningi á flutningatækjum, aðallega flugvélum. Hlutdeild flutningatækja af heildarvöruinnflutningi hefur fallið úr 20,6% árið 2007 í 6,6% árið 2010.

Mynd 9. Vöruinnflutningur eftir hagrænni flokkun árið 2007–2010, hlutfall


Vöruviðskipti eftir markaðssvæðum og löndum

81,8% af vöruútflutningi til EES
og 61,0% af vöruinnflutningi frá
EES


Evrópska efnahagssvæðið¹ var stærsta markaðssvæði Íslendinga hvað varðar vöruviðskipti árið 2010 en þangað fór 81,8% af vöruútflutningi árið 2010. Hlutdeild EES ríkja í vöruútflutningi hefur aukist frá árinu 2006 en þá var hún 75,0% eins og sést í töflu 7. Hins vegar komu tæp 65% af vöruinnflutningi frá EES árin 2006–2009, samanborið við 61% á árinu 2010 eins og sést í töflu 8. Á sama tímabili hefur vöruútflutningur til Bandaríkjanna og vöruinnflutningur frá Bandaríkjunum og Japan dregist saman meðan lítilsháttar aukning hefur verið á vöruútflutningi til Japans. 77,6% vöruútflutnings fór til Evrópusambandsins, ESB, og 52,0% vöruinnflutnings kom þaðan.

Íslendingar fluttu mest út af vörum til Hollands en vöruinnflutningur var mestur frá Noregi. Sundurliðun á viðskiptum einstakra landa má sjá á vef Hagstofunnar á slóðinni www.hagstofa.is/utanrikisverslun.

Mynd 10. Vöruútflutningur eftir markaðssvæðum árin 2006–2010



Mynd 11. Vöruinnflutningur eftir markaðssvæðum árin 2006–2010



¹ EES-ríkin eru 27 ESB-ríki ásamt Íslandi, Noregi og Liechtenstein.

*Holland helsta útflutningsland
Íslendinga á vörum*

Hluttur fimm helstu ríkjanna sem Íslendingar fluttu út vörur til var 67% af heildar-útflutningi Íslendinga 2010 samanborið við 65% árið 2009 og 67% árið 2008 (tölur 7 og 9). Holland var helsta útflutningsland Íslendinga á vörum árið 2010, eins og árin tvö á undan. Verðmæti vöruútflutnings til Hollands nam þá 190,6 milljörðum króna, 34,0% af heildarvöruútflutningi og jókst um 23,8% frá árinu 2009 á gengi hvors árs. Hlutfall sjávarafurða í útflutningi til Hollands var tiltölulega lágt, eða 7,2% en 80,4% af vöruútflutningi þangað var álútflutningur. Aukningu útflutnings til Hollands má aðallega rekja til aukins útflutnings á áli.

Í utanríkisverslun er almenn regla að útflutningsland er endanlegt neysluland vöru. Ef endanlegt neysluland vöru er ekki þekkt þegar útflutningurinn á sér stað verður útflutningslandið viðskiptalandið. Varðandi álútflutning til Hollands er vitað að verulegur hluti hans er fluttur áfram til annarra ríkja og í því tilviki er Holland viðskiptalandið en ekki endanlegt neysluland vörunnar. Hafa skal hliðsjón af þessari staðreynd þegar tölur um útflutning til Hollands eru skoðaðar.

Íslendingar seldu næst mest af vörum til Þýskalands á árinu 2010 sem var í þriðja sæti árið á undan. Þangað voru fluttar út vörur fyrir 78,3 milljarða króna, 14,0% af heildarvöruútflutningi, jókst um 38,9% frá fyrra ári á gengi hvors árs. Iðnaðarvörur, aðallega ál, vógu þýngst í vöruútflutningi til Þýskalands eða 83,8% og aukinn álútflutningur var helsta ástæða aukins vöruútflutnings til Þýskalands.

Bretland var þriðja í röðinni en var í öðru sæti árið á undan. Sala af vörum þangað nam 56,7 milljörðum eða 10,1% af heildarútflutningi, dróst saman um 11,3% frá fyrra ári á gengi hvors árs. Hlutfall sjávarafurða í útflutningi til Bretlands var 82,5%, mestmegnis þorskur og ýsa.

*Noregur helsta innflutningsland
Íslendinga á vörum*


Vöruinnflutningur frá fimm helstu innflutningsríkjunum nam alls 42% af heildarinnflutningi árið 2010 samanborið við 45% árið 2009 og 46% árið 2008 (tölur 8 og 10). Árið 2010 var mestur innflutningur af vörum til Íslands frá Noregi eins og árið áður. Árið 2010 voru fluttar inn vörur frá Noregi fyrir 43,2 milljarða króna, 9,1% af heildarvöruinnflutningi og dróst að verðmæti saman um 25,3% frá fyrra ári á gengi hvors árs. Innflutningur á rafskautum vó þýngst í innflutningi frá Noregi en minni innflutningur á eldsneyti þaðan átti mestan þátt í samdrætti innflutnings frá Noregi.

Árið 2010 var næst mest flutt inn frá Brasilíu, sem var í níunda sæti árið á undan, og nam verðmæti innflutnings þaðan 41,4 milljörðum króna, 8,7% af heildarinnflutningi og jókst um 126,5% frá árinu 2009 á gengi hvors árs. Stærsti hluti þessa innflutnings var innflutningur á súráli sem einnig er helsta ástæða aukins innflutnings frá Brasilíu.


Holland var í þriðja sæti innflutningslanda árið 2010, en var í öðru sæti árið á undan, með innflutning að verðmæti 40,6 milljarða króna, 8,5% af heildarinnflutningi, jókst að verðmæti um 5,5% frá fyrra ári á gengi hvors árs. Mest var flutt inn af rafskautum frá Hollandi.

Myndir 12 og 13 sýna vöruútflutning og vöruinnflutning eftir helstu viðskiptalöndum árið 2010 og vöruskiptajöfnuð við helstu viðskiptalönd árið 2010. Þar sést að umtalsverður afgangur var á viðskiptum við Holland en halli á viðskiptum við Brasilíu.

Mynd 12. Vöruútflutningur og vöruinnflutningur eftir helstu viðskiptalöndum árið 2010



Mynd 13. Vöruskiptajöfnuður við helstu viðskiptalönd árið 2010



Greining vöruviðskipta eftir vöruflokkum og markaðssvæðum (töflur 11 og 12) sýnir að EES-ríki áttu mesta hlutdeild í vöruútflutningnum 2010, 81,8%. Sjávarafurðir voru 39,3% alls vöruútflutnings og af þeim voru 73,0% flutt út til EES-ríkja. Þessi ríki keyptu 90% af þeim iðnaðarvörum sem Íslendingar fluttu út. Í vöruinnflutningi vógu hrávörur og rekstrarvörur þýngst (33,6%) og af þeim voru 45,7% flutt inn frá EES-ríkjunum. Um 88,3% eldsneytis, 72,6% fjárfestingarvara og 66,7% mat- og drykkjarvara kom frá EES-ríkjum.

Á vef Hagstofunnar (www.hagstofa.is) er hægt að nálgast allar upplýsingar um innflutning og útflutning, til dæmis eftir mánuðum, gjaldmiðlum, tollskrárnúmerum, vöruflokkum SITC, hagrænni flokkun BEC, útflutning eftir vöruflokkum Hagstofu og vinnslugreinum. Einnig eru upplýsingar um utanríkisverslunina eftir löndum, markaðssvæðum og löndum og flokkunum.

Tafla 5. Vöruútflutningur eftir vöruflokkum árin 2009–2010

Fob-verð á gengi hvors árs	2009			2010			Breyting frá % fyrra ári, %
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	
Samtals	1.992.084,4	500.854,5	100,0	2.017.773,5	561.032,2	100,0	12,0
1 Sjávarafurðir	6.689.898,1	208.619,7	41,7	632.002,6	220.487,8	39,3	5,7
11 Uppsjávarfiskur	290.072,0	34.850,3	7,0	302.697,3	45.366,9	8,1	30,2
110 Sild	208.943,0	25.668,2	5,1	159.697,3	20.749,6	3,7	-19,2
111 Loðna	17.930,5	2.930,2	0,6	57.186,8	12.411,6	2,2	323,6
112 Kolmunni	32.153,5	3.292,4	0,7	29.504,0	3.644,7	0,6	10,7
113 Makrill	13.208,0	2.444,7	0,5	53.694,4	8.469,5	1,5	246,5
119 Annar uppsjávarfiskur	17.836,9	514,9	0,1	2.614,7	91,4	0,0	-82,2
12 Botnfiskur, helstu tegundir	246.761,1	134.786,2	26,9	214.908,4	131.539,1	23,4	-2,4
120 Þorskur	109.473,6	75.531,9	15,1	95.773,5	72.476,8	12,9	-4,0
121 Ýsa	41.977,5	20.273,2	4,0	30.514,1	19.150,7	3,4	-5,5
122 Ufsi	30.196,2	12.081,5	2,4	27.448,5	12.594,0	2,2	4,2
123 Karfi	45.393,9	15.975,0	3,2	42.254,6	16.546,7	2,9	3,6
124 Steinbítur	8.214,8	5.169,1	1,0	7.008,4	4.948,4	0,9	-4,3
125 Langa	6.393,3	2.432,1	0,5	6.645,3	2.785,7	0,5	14,5
126 Blálanga	117,2	48,6	0,0	336,9	169,6	0,0	248,7
127 Keila	2.242,7	1.310,4	0,3	1.991,7	1.204,1	0,2	-8,1
128 Skötuselur	2.682,5	1.933,1	0,4	2.874,1	1.637,4	0,3	-15,3
129 Skata	69,4	31,2	0,0	61,3	25,6	0,0	-18,0
13 Botnfiskur, annar	27.041,3	5.972,5	1,2	30.190,1	8.318,3	1,5	39,4
130 Gulllax	7.200,8	962,1	0,2	10.854,7	1.740,1	0,3	80,9
131 Háfur og annar háfiskur	67,8	12,5	0,0	62,9	12,8	0,0	2,8
132 Lýsingur	0,5	0,1	0,0	–	–	–	–
138 Grásleppa	665,3	938,6	0,2	1.077,8	2.051,7	0,4	118,6
139 Annar botnfiskur	19.110,9	4.055,3	0,8	18.194,6	4.513,6	0,8	11,3
14 Flatfiskur	21.301,7	12.322,9	2,5	17.093,0	11.057,1	2,0	-10,3
140 Grálúða	12.457,0	8.168,4	1,6	9.787,5	7.250,0	1,3	-11,2
141 Lúða	545,8	393,9	0,1	450,6	404,4	0,1	2,7
142 Skarkoli	3.614,6	1.142,3	0,2	3.076,6	1.102,7	0,2	-3,5
143 Sólflyúra	871,1	321,8	0,1	820,4	357,0	0,1	10,9
149 Annar flatfiskur	3.813,3	2.296,5	0,5	2.957,8	1.943,0	0,3	-15,4
16 Krabbadýr, skeldýr og lindýr	15.061,9	13.004,0	2,6	18.024,0	15.305,0	2,7	17,7
160 Rækja	12.644,4	9.825,3	2,0	14.952,6	11.272,3	2,0	14,7
161 Humar	1.451,4	2.729,8	0,5	1.751,3	3.494,0	0,6	28,0
162 Hörpudiskur	0,0	0,0	0,0	0,1	0,1	0,0	118,9
163 Kræklingur	6,5	2,3	0,0	16,1	6,6	0,0	182,1
164 Smokkfiskur	74,2	12,9	0,0	281,2	65,3	0,0	407,0
165 Ígulker	1,0	1,3	0,0	106,1	108,3	0,0	8139,9
166 Kúfiskur	163,0	58,1	0,0	3,3	2,7	0,0	-95,3
167 Beitukóngur	145,2	29,3	0,0	81,5	21,6	0,0	-26,5
168 Sæeyra	3,8	0,2	0,0	–	–	–	–
169 Krabbadýr, skeldýr og lindýr ót.a.s.	572,4	344,6	0,1	831,8	334,2	0,1	-3,0
19 Aðrar sjávarafurðir	68.664,1	7.687,7	1,5	49.089,7	8.901,4	1,6	15,8
2 Landbúnaðarvörur	17.618,4	7.686,6	1,5	16.464,5	8.969,6	1,6	16,7
21 Fiskeldi	1.982,7	2.722,6	0,5	1.808,6	2.754,0	0,5	1,2
22 Búfê	499,2	992,9	0,2	427,6	902,6	0,2	-9,1
23 Afurðir sláturdýra	7.262,7	2.934,6	0,6	8.228,5	3.926,8	0,7	33,8
24 Mjólk og mjólkurvörur	1.191,1	332,6	0,1	1.250,7	548,4	0,1	64,9
25 Aðrar land- og sjávarnyttjar	5.456,0	585,7	0,1	3.302,0	704,5	0,1	20,3
29 Aðrar landbúnaðarvörur	1.226,8	118,3	0,0	1.447,1	133,3	0,0	12,6

Tafla 5. Vöruútflutningur eftir vörflokkum árin 2009–2010 (frh.)

Fob-verð á gengi hvors árs	2009			2010			Breyting frá % fyrra ári, %
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	
3 Iðnaðarvörur	1.050.376,7	243.641,0	48,6	1.084.548,2	311.012,3	55,4	27,7
31 Matur og drykkjarvara	12.375,5	4.274,1	0,9	19.300,8	5.432,1	1,0	27,1
310 Fiskmeti	2.825,2	3.037,7	0,6	3.186,6	3.396,1	0,6	11,8
317 Sælgæti	163,6	160,2	0,0	182,5	177,3	0,0	10,7
318 Drykkjarvörur	9.056,6	704,2	0,1	14.325,1	1.080,3	0,2	53,4
319 Önnur matvara	330,1	372,0	0,1	1.606,6	778,5	0,1	109,2
33 Fóðurvörur	346,5	143,9	0,0	118,5	75,6	0,0	-47,5
34 Heilbrigðis- og hreinlætisvörur	933,8	17.840,7	3,6	1.184,1	22.166,5	4,0	24,2
340 Lyfjavörur	675,9	11.978,0	2,4	930,4	15.675,5	2,8	30,9
341 Tæki og vörur til lækninga	196,0	5.745,3	1,1	207,6	6.363,9	1,1	10,8
344 Hreinlætis- og snyrtivörur	62,0	117,4	0,0	46,1	127,1	0,0	8,2
35 Skinna- og textílvörur	122,7	457,1	0,1	158,3	610,0	0,1	33,4
36 Unnin jarðefni	990.946,0	193.181,6	38,6	1.007.453,8	247.572,8	44,1	28,2
360 Ál	805.449,7	170.663,6	34,1	812.980,3	222.434,6	39,6	30,3
361 Kísiljárn	112.992,9	16.853,6	3,4	114.230,7	18.791,2	3,3	11,5
362 Kísilgúr	–	–	–	0,8	1,3	0,0	–
363 Salt	2.099,2	361,7	0,1	1.092,8	209,1	0,0	-42,2
364 Steinull	2.516,8	267,7	0,1	2.138,8	225,4	0,0	-15,8
365 Þang og þaramjöl	0,0	0,0	0,0	27,0	8,2	0,0	67137,2
366 Jarðolíur og olíuvörur	65.499,8	4.966,7	1,0	67.347,0	5.730,1	1,0	15,4
367 Krýolít	2.370,1	57,2	0,0	9.586,2	160,4	0,0	180,4
369 Íblöndunarefni fyrir sement	17,4	11,0	0,0	50,0	12,5	0,0	13,8
37 Vörur til fiskveiða	1.991,3	3.996,0	0,8	2.218,7	3.555,3	0,6	-11,0
370 Rafeindavogir	102,1	1.513,7	0,3	113,3	1.406,0	0,3	-7,1
371 Fiskinet, -línur, kaðlar o.þ.h.	210,5	575,5	0,1	407,4	803,2	0,1	39,6
373 Fiskkassar	1.247,7	727,9	0,1	1.524,6	869,7	0,2	19,5
379 Vörur til fiskveiða ót.a.s.	431,0	1.179,0	0,2	173,5	476,4	0,1	-59,6
38 Ýmsar iðnaðarvörur	1.737,1	2.708,8	0,5	2.063,1	3.269,4	0,6	20,7
381 Umbúðir	1.337,1	388,1	0,1	1.640,3	461,4	0,1	18,9
383 Vélar til matvælaframleiðslu	400,0	2.320,6	0,5	422,8	2.808,0	0,5	21,0
39 Aðrar iðnaðarvörur	41.923,8	21.038,6	4,2	52.050,9	28.330,6	5,0	34,7
4 Aðrar vörur	255.191,3	40.907,2	8,2	284.758,2	20.562,5	3,7	-49,7
41 Jarðefni	71.133,7	534,1	0,1	108.539,5	693,6	0,1	29,9
42 Endurheimtar vörur	166.949,0	5.209,2	1,0	164.731,4	5.419,8	1,0	4,0
43 Flutningsför	14.891,2	32.283,6	6,4	9.856,1	11.868,9	2,1	-63,2
430 Notuð skip	5.891,7	2.560,8	0,5	5.254,3	1.422,8	0,3	-44,4
432 Flugvélar	1.220,1	22.670,8	4,5	917,5	7.214,6	1,3	-68,2
433 Bílar, notaðir eða endurseldir	7.779,4	7.052,0	1,4	3.684,3	3.231,6	0,6	-54,2
49 Aðrar vörur	2.217,3	2.880,4	0,6	1.631,2	2.580,2	0,5	-10,4

Tafla 6. Vöruinnflutningur eftir hagrænni flokkun árin 2009–2010

Cif-verð á gengi hvors árs		2009			2010			Breyting frá
		Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	fyrri ári, %
Samtals		3.969.551,7	446.128,2	100,0	3.946.669,7	477.222,3	100,0	7,0
1 Matvörur og drykkjarvörur		206.990,4	46.277,3	10,4	227.030,1	47.392,6	9,9	2,4
111 Óunnar, einkum til iðnaðar		50.574,7	2.156,1	0,5	48.734,8	2.271,2	0,5	5,3
112 Óunnar, einkum til heimilisnota		63.862,8	13.228,7	3,0	73.387,9	15.164,0	3,2	14,6
121 Unnar, einkum til iðnaðar		21.886,4	3.716,8	0,8	28.506,8	3.737,6	0,8	0,6
122 Unnar, einkum til heimilisnota		70.666,4	27.175,7	6,1	76.400,6	26.219,8	5,5	-3,5
2 Hrávörur og rekstrarvörur, ót.a.s.		2.364.965,2	140.178,1	31,4	2.423.627,1	160.343,8	33,6	14,4
210 Óunnar		434.420,9	6.334,5	1,4	416.601,4	8.069,8	1,7	27,4
220 Unnar		1.930.544,3	133.843,6	30,0	2.007.025,7	152.274,0	31,9	13,8
3 Eldsneyti og smuroliur		873.752,5	54.463,7	12,2	789.046,6	60.949,2	12,8	11,9
310 Óunnið eldsneyti		114.681,7	2.982,8	0,7	105.373,2	2.683,0	0,6	-10,1
321 Bensín, þ.m.t. flugvélabensín		157.242,1	11.508,1	2,6	144.529,9	13.620,8	2,9	18,4
322 Annað unnið eldsneyti og smuroliur		601.828,7	39.972,8	9,0	539.143,5	44.645,5	9,4	11,7
4 Fjárfestingarvörur (þó ekki flutningatæki)		454.744,2	94.279,1	21,1	447.336,7	106.381,8	22,3	12,8
410 Fjárfestingarvörur		11.699,6	36.772,3	8,2	14.920,9	50.232,5	10,5	36,6
420 Hlutar til þeirra		443.044,6	57.506,7	12,9	432.415,8	56.149,3	11,8	-2,4
5 Flutningatæki		29.261,1	41.441,6	9,3	17.278,3	31.616,5	6,6	-23,7
510 Fólksbílar (þó ekki almenningsvagnar)		4.278,7	8.603,0	1,9	5.127,0	8.228,4	1,7	-4,4
521 Flutningatæki til atvinnureksturs (ekki skip, flugvélar)		2.076,4	2.512,8	0,6	2.096,8	2.383,4	0,5	-5,2
522 Önnur flutningatæki, til einkanota		393,0	709,9	0,2	633,8	1.180,5	0,2	66,3
530 Hlutar til flutningatækja		4.759,6	12.756,4	2,9	6.451,5	12.952,5	2,7	1,5
540 Skip		2.882,0	3.940,2	0,9	1.873,0	2.953,6	0,6	-25,0
550 Flugvélar		14.871,3	12.919,2	2,9	1.096,3	3.918,2	0,8	-69,7
6 Neysluvörur ót.a.s.		39.549,5	68.936,3	15,5	41.893,0	70.013,7	14,7	1,6
610 Varanlegar (t.d. heimilistæki)		9.175,9	11.571,4	2,6	10.140,4	12.026,7	2,5	3,9
620 Hálf-varanlegar (t.d. fatnaður)		10.842,5	24.380,0	5,5	12.443,3	26.013,8	5,5	6,7
630 Óvaranlegar (t.d. tóbak, lyf)		19.531,1	32.984,9	7,4	19.309,3	31.973,2	6,7	-3,1
7 Vörur ót.a.s. (t.d. endursendar vörur)		288,8	552,0	0,1	458,0	524,8	0,1	-4,9
700 Vörur ót.a.s. (t.d. endursendar vörur)		288,8	552,0	0,1	458,0	524,8	0,1	-4,9

Tafla 7. Vöruútflutningur eftir markaðssvæðum árin 2006–2010

Fob-verð á gengi hvers árs	2006		2007		2008		2009		2010		Breyting '09-'10
	Millj. kr.	%	Millj. kr.	%	Millj. kr.	%	Millj. kr.	%	Millj. kr.	%	
